

REGLUR

um breytingu (14) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Priðja málsgrein 8. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Rektor ræður starfslið háskólans, nema lög mæli fyrir um annað, og setur því erindisbréf eða starfslysingar. Rektor tekur ákvörðun í málum sem varða sérstakt hæfi einstakra starfsmanna háskólans til þess að fara með tiltekið mál í sameiginlegri stjórnsýslu háskólans, sbr. II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þegar um er að ræða að fundur í deild, skor eða stjórn háskólastofnunar undirbúi mál sem rektor á endanlegt ákvörðunarvald um, skal viðkomandi fundur taka afstöðu til þess hvort deildar-, skorar- eða stjórnarmaður víkur sæti. Komi upp ágreiningur skal málinu skotið til rektors og efnislegri meðferð málsins frestað þar til úrskurður hans liggur fyrir. Í umboði rektors hafa framkvæmdastjórar stjórnsýslu, einn eða fleiri, yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnsýslu háskólans. Deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnsýslu deilda.

2. gr.

Önnur málsgrein 42. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Formaður dómnefndar skal hafa verið metinn hæfur til að gegna sambærilegu starfi og dómnefnd fjallar um. Rektor er þó heimilt að víkja frá þessu hæfisskilyrði fyrir formann dómnefndar, ef sá sem skipaður er telst viðurkenndur sérfræðingur á sínu svíði, hefur lokið doktorsprófi og augljóst má telja að hann uppfylli að öðru leyti þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til háskólakennara.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur, auk þess er:

	kr.
- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.000
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	2.000
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.800
- viðbótargjald á holdanautasæðingu	900

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.000
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	2.000
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.800
- viðbótargjald á holdanautasæðingu	900